

Gert 4 febrúar 2016

Margir reyndu. Bítlarnir fengu.

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman
Myndir aðrar en af höfundur eru ekki hans eign.
Texti: KRF. Nema þar sem annað er tekið fram



Þó Mannkynssagan sé blóðug og merkt mannfalli, eyðileggingu mannvirkja, morðum, hörmungum, sundruðum fjölskyldum, börnum á vergangi og munaðarlausum börnum sem engin hirðir um að þá er hún líka um glæsileika og göfug verk og voru virkilega til bættis lífs og meiri gleði.

Séu málin rædd með þessum hætti komumst við að raun um að Mannkynssöguna má segja með ekki bara einum hætti heldur margvíslega og án þess að í neinu sé hallað á sannleikann né neitt af honum skotið undan. Samt virðist svo vera að meira sé um að dökku og drungalegu kaflar þessarar merkilegu sögu mannkyns séu dregnar fram og gert skil.

Þetta er vel þekkt um sögu kirkjunnar. Þar er algeng rúttína að menn sem hyggjast fjalla um hana tali um ógagnsemi í hinu daglega og eða skundi aftur til Miðalda um 1300, eitthvað svoleiðis, og til skugganna sem þar voru út um allt og brennanna sem trúvillingarnir voru brenndir á, aflátsbréfin sem Vatíkanið í Róm seldi fólki sem syndaflausn og í aðra þætti tengdum mistökum manna sem dattu af baki trúarinnar og fóru út í að gera eigin vilja teljandi sjálfa sig þó ganga fram í trú. Eða að menn fari enn aftur í tímata kirkjunnar og allt aftur til sögu krossferða Evrópumanna á elleftu öld er kaþólskir menn fóru herferðir til Miðausturlanda og hertóku Jerúsalem árið 1099. Allt svo sem sögur sem eru kirkjunnar fólki til lítils sóma. Enda bara hrein villutrú og afvegaleiðsla á ferð og rak menn út slíka endemis

vitleysu og gerðu verk sem voru svo langt frá Orði Guðs eins og frekast er hægt. Segir enda Orðið að menn (Ég) skuli elska hverjir aðra. Þetta er kristni í verki.



Á kirkjusögunni er líka til önnur hlið og öllu bjartari og jafn sönn hinni en ekki nærri eins mikið talað um nema af trúuðu fólki sem þekkir vel til innviða kirkjunnar.

Hvað við viljum bera fram fyrir samtíma vorn er alltaf val ritara hverju sinni og ræðst af upplagi hjartans og hvað viðkomandi leggur af stað með og þykir áhugavert skrifum sínum.

Rétt er það að sannleikurinn sé sagna bestur. En þar þarf að gæta alls sanngirnis og segja hann þá allan en ekki bara aðra hliðina. Slík gerir engin sem vill ná fram heilstæðri mynd af atburðum. Slíkur setur fram gildar útskýringar fyrir lesendur sem gefur þeim góða heildarmynd og sjónarhorn sem hægt er jafnvel að vinna meira með. Mannkynssagan bíður fólki að staldra við hvort tveggja þó oftast sé bent á hversu blóði drifinn hún blessunin sé.

Öðru hvoru hafa verið uppi menn sem vildu sölsa undir sig heiminn og voru svo veruleikafirrtir í þanka sínum að trúa sjálfir að geta þetta. Hve margir þessir menn séu þekkir höfundur ekki en margir muna eftir að minnsta kosti tveim nöfnum sem þetta reyndu. Og vitaskuld mistókst. Eins og gerlegt sé fyrir einstakling að hafa fulla stjórn á heiminum einsamall með í kringum sig eintómt jafnfolk? Og svo hin spurningin um það hver valdi slíku völdum til langframa þó svo ólíklega vildi til að verkið tækist og einstaklingur næði heimsyferráðum. Og svo hin spurningin líka um það hvaða þjóð né manneskja, einstaklingur, kærði sig um að annar einstaklingur, einræðisherra, legði grunn fyrir hann og hana um eigið líf og hvernig það skal vera útlítandi í hinu daglega og hver tilbeiðslan? Hvernig ætti slíkt að fá gengið nema í stuttan tíma áður og einræðinu þá velt úr sessi og rýmt til fyrir öðru og skárna kerfi fyrir fólk til að lifa við? Allstaðar þar sem menn búa við afarkosti frá yfirvaldinu viðgangast einnig ógnir allskonar með miklu eftirliti með þegnunum samfara ærnum kostnaði slíkra ríkja sem þó státa ekki af neinu yfirflæði í efnalegu tilliti og ekki sýnilegu fólki sem byggir landið.

Engum manni er ætlað verkið að stjórna einn öllum heiminum. Með þetta drattist þó sum lönd og hafa hjá sér einræðið sem deilir og drottnar. Réttkjörnum ríkisstjórnnum er ætlað stjórnunarhlutverkið en ekki einræðinu. Hvarvetna það sem viðgegnst má búast við talsverðu eftirliti með íbúunum. Þykir einræðinu enda afskaplega vænt um sig sjálft en hræðist fátt meira en andstöðu við sig. Af svo sem skiljanlegum ástæðum. Einræði er vont stjórnarform hvar sem það viðgengst.

Höfundur mann eftir tveimur nöfnum sem reyndu að taka heiminn. Líklega eru þau þó fleiri. Sagan hefur tilhneigingu til að endurtaka sig.

Sannleikurinn er að hvorki pólitíkinni né stjórnáunum hefur tekist að sölsa undir sig öllum löndum heims. Tími antikrists er annað. Hann kemur. En þar er á ferð andlegt afl. Ekki veraldlegt.

Þó einkennilega sé orðað að þá hefur þetta samt gerst að fólki hafi verið færður heimurinn til sín á silfurfati. En meira um það síðar.

Napoléon Bonaparte.



Já, til eru sannar sögur af fólki sem reyndi í fullri alvöru að ná undir sig allri veröldinni og var fólk sem var fullt upp í kok af hroka. Þetta fólk bjó sig út til bardaga og efndi til stríðs og heimstyrjalda með grimmdina og harðneskjuna að leiðarljósi. Allt sem til að byrja með er gert af grimmd og harðneskju fær ekki lukkast og getur heldur ekki gengið upp.

Sumir vita um atganginn í kringum Napoléon Bonaparte Frakklandskeisara, oft nefndur hinn mikli. Hann var herforingi í Frönsku byltingunni sem gerði tilraun til að koma allri veröldinni undir sína valdstjórn en náði vitaskuld ekki marki og olli eins og aðrir stríðsherrar gríðarlegri eyðileggingu og hörmungum í lífi fólks samanvið ómælt fjárhagslegt tjón í löndunum með brölti herja sinna. Napoleon var af ítölskum ættum og fæddur 15 ágúst árið 1769. Fjölskylda hans var fátæk þó af aðalsættum væri að sjá má að ekki er í öllum tilvikum samasemmerki á milli aðalsætta og ríkidæmis fólks.

Napoleon krýndi sjálfan sig keisara að Páfanum viðstöddum, en hélt samt áfram að vera æðsti maður franska hersins og í franska flotanum. Enginn var ósáttur við þetta fyrirkomulag þar eð hann var talin vera einn helsti herleiðtogi heims. Gamla sagan um dýrlegan leiðtogann og hyllinguna er hér haldið á lofti og hugsunin söm í dag um þetta fólk.

Þessi maður óð yfir allmörg lönd og reyndi að ná Rússlandi undir sig en harður vetur hindraði hann í og hrakti frakkanna við illan leik aftur burt og til baka. Napoléon hörfaði með menn

sína í áttina að Póllandi. Komst hann loks á leiðarenda en með aðeins 20, 000 menn með sér af 700, 000 manna her sem hann lagði upp með. Sjá má að gríðarlega sneypuför sem og setti svartan blett á feril Napaléons og um leið franska þjóð.

Er bandamenn réðust inn í Frakkland árið 1814 lét Napoléon loks af eigin stjórnartaumum og var komið fyrir í útlegð á eyjunni Elbu, sem er í Miðjarðarhafi. Eftir langan eða stuttan tíma þar fór hann aftur til Frakklands og náði á ný völdum. Sem er merkilegt um að hugsa en það sem gerðist.

Baráttan sem endalega hratt Napoléon úr valdastóli var bardaginn sem fram fór í Belgíu og er þekktur í sögunni undir nafninu Waterloo- orrustan. Eftir hana, og búið að handtaka Napoléon, var hann sendur með herskipi til eyjunnar Sankti Helenu sem er í Suður Atlandshafi.

5 maí 1821 lést Napoléon Bonaparte og eru til tvær kenningar um hvernig dauða hans bar að. Önnur er að magakrabbi hafi leitt hann til dauða og hin að honum hafi verið byrjað arsenik, sem er eitur sem dregur til dauða. Og hallast menn að fyrri skíringunni og gera með þeim rökum að áður en til dauða hans kom hafi hann var með magasár.

Adolf Hitler.



Hitler er hinn maðurinn sem hér er nefndur til sögunnar og er þekktasta dæmið í dag og máski í allri sögunni. Hitler kom inn í stjórn málin er Versalasingarnir giltu enn í Þýskalandi og voru að sliga Þýskan almenning með greiðslubyrðinni sem samningar þessir lögðu á almenning og olli dýrtíð slíkri í landinu og verðbólga að annað eins er óþekkt í öðrum ríkjum. Versalasingarnir voru fram settir til að knýja Þjóðverja til að greiða ríkjunum til baka kostnaðinn sem Þýsku herirnir ollu í fyrri heimstyrjöld. Voru þeir enda upphafsmennirnir að henni sem hófst 1914 og stóð til ársins 1918 sem og þeirri síðari sem stóð frá 1939 til ársins 1945. Þrátt fyrir allt sem fyrri styrjöldin og sú síðari hafði í för með sér er ekki að sjá að mannkyn hafi neitt lært af nema ef vera skildi um grimmd mannsins og hve

Óvægin hann er komi upp réttar aðstæður hjá honum og opinberast í myrkri styrjalda sem dregst yfir löndin. Í dag er mikið um herbrólt þjóða og víða stríðsátök sem mönnum gengur ekki vel að stöðva.

Adolf Hitler er fæddur 20 apríl 1889 í Braunau am Inn í Austurríki-Ungverjalandi og er fjórði í röð sex barna Alios Hitlers og konu hans Klöru. Hitler barðist á vesturvígstöðvunum fyrir Þýskaland í fyrri heimstyrjöld eftir að hafa gerst sjálfboðaliði í bæverska hernum og var á vígvellinum mest allt fyrra stríð. Eftir ósigur Þýskra settist hann að í Munchen í Bæjaralandi og gekk 1919 til liðs við stjórnsmálafolk sem seinna var kallaður nasistaflokkurinn sem hann varð svo formaður fyrir 1921 og leiddi til æviloka, sem var í maí 1945. 1923 tók hann þátt í misheppnaðri tilraun til valdaráns í Munchen sem í sögunni hefur verið kölluð "Björkjallarauppreisnin". Í kjölfarið var hann fangelsaður og skrifaði þar myrkrarit sitt "Mein Kampf". Eftir aðeins eitt ár var hann látin laus úr þrúðinni. 1933 var hann af Paul von Hindenburgh, forseta Þýskalands, útnefndur kanslari í Þýskalandi. Eftir andlát Hindenburghs 1934 tók Hitler sér titil kanslara og foringja og var í reynd orðin einræðisherra í Þýskalandi. Versalasalningarnir bönnuðu Þýskum að hafa her en Hitler komst framhjá þessu og náði að byggja herinn upp með leynd strax ákveðin í að hefja stríð undireins og herinn hans væri tilbúinn. Það gerðist og fátt eftir nema ákveða dag.

Með innrásinni í Pólland í september 1939 hófst seinni heimstyrjöld sem lauk í maí 1945 og höfðu þá 50 milljónir manna fallið og þar af sex milljónir Gyðinga í sérstökum útrýmingarþúðum sem flokkur Hitlers kom sér upp víða í herteknu löndunum. Hitler vildi með stríði sínu koma á eitt þúsund ára ríki en gat ekki. Og endaði svaðilförin eins og áður segir í maí árið 1945 og heimur sem fullur var af sorg, heift og hatri, ofani ofsa gleði sem braust út meðal þjóðanna er bandamenn yfirtóku Þýskt land eftir skilyrðislausu uppgjöf nasista sem staðfest var og undirrituð af fólkinu sem tók við stjórnartaumunum eftir að Hitler fyrirfór sér í byrginu sem hann hafðist við í síðustu mánuði stríðsins.

Íslendingar fóru ekki með öllu varhluta af seinni styrjöldinni og birtist hún reykvíkingum og landsmönnum öllum 10 maí 1940 með innreið Bresku dátanna sem komu til landsins sjóleiðina og hófu fljótt eftir komu sína að reisa bragga hvar sem þeim varð fyrir komið í bæjunum. Einnig birtist styrjöldin fólki í missi sem beint má rekja til stríðsins þar eð allmargir sjómenn af íslensku bergi brotnir fórust eftir að þýskir kaþbátar höfðu gert árás á varnarlaus íslensk skipin og sökkt. Vitað er um 159 íslendinga sem létu lífið beint vegna ófriðarins í Evrópu og þar af 130 manneskjur sem fórust vegna árása kaþbáta og flugvéla á skip þeirra. Þá létust 20 manneskjur vegna ásiglanga sem komu af varúðarástöfunum þeim sem í gildi voru beint vegna ófriðarins. Skipum var gert að sigla án siglingaljósa og því ósýnielg áhöfnum annarra skipa eftir að dimmdi. Fleiri dauðsföll má ef til vill rekja til ófriðarins en hér hefur verið nefnt. Þekktasta slysið er sá hræðilegi atburður sem gerðist með árás Þýska kaþbátsins á Goðafoss sem statt var skammt út af Garðskagavita á leið inn til Reykjavíkur. Til er allgóð íslensk heimildarmynd um þetta slys sem vel má benda fólki á að sjá.

Þrátt fyrr allan gauraganginn sem nasistar öllu og þrátt fyrir alla bjartsýnina til að byrja með um heimsyfírráð og Hitler sitjandi á valdastóli heimsins að þá tókst honum ekki verkið frekar en hinum sem reynt höfðu og skildi eins og hinir eftir sig sviðna jörð og eyðileggingu slíka að vart hefur verið endurtekið frá þeim tíma.

The Beatles. Þeim tókst.



Víkur nú sögunni til Bretlands og ársins 1963. Rykið af styrjöldinni er að mestu leiti sest þó líklega megi enn sjá merki um hildarleikin í brotum og húsveggjum sem skildir voru eftir til minningar um voðaverkin. Þó er uppbyggingin kominn vel áleiðis og lífið að detta inn í sinn eðlilega farveg. Samt er engin lognmolla yfir lífinu og senn að koma inn afl sem tókst verkið sem Hitler og nasistaflokknum tókst ekki þó gríðarlegu afli væri beitt og allt notað til brölsins sem að álitni manna þurfti samanblönduðu mikilli og nákvæmri skipulagsvinnu herráðsins. Ekkert dugði og varð einvaldurinn að fylgja í fótspor allra hinna sem slíkt reyndu og hörfa eftir að hafa játað sig gersigraðan.

1963 er að hefjast nýr og nánast óþekktur kafli í sögu mannkyns sem á sér engan líka en menn samt fengu lítilsháttar smjörþef af vestan úr Bandaríkjunum á sjötta áratug seinustu aldar með æði því sem rokksöngvarinn Elvis Presley hratt af stað en einskorðaðist að mestu við Vesturheim. Á hárgreiðslu tengdu æðinu Vestanhafs mátt þó sjá hjá karlmönnum Evrópskum sem notuðu eins og Presley Brilljantín í hár sitt og greiddu beint aftur að hætti rokkóngsins knáa. ásamt því auðvitað að hlýða Presley- hljómplötur, væri því við komið. Á hártísku þessari bar nokkuð hér uppi á Íslandi í gljáandi hári sumra íslenskra ungra karlmannna sem vönduðu endalaust hárgreiðslu sína og gættu eins og sjáaldur augna sinna að allt væri rétt upp sett.

Þó að allt sé að gerast árið 1963 að þá er aðdragandinn að því öllu saman lengri og teygir sig til ársins 1957. 1960 er þessir ungu menn, og vart af unglingsaldri, að taka sig upp frá heimabæ sínum Liverpool til að vinna í Þýskalandi og þar á krám sem ekki var óalgengt að tónlistarmenn víða að úr Evrópu ku hafa gert sem fóru til borgar þeirrar í Þýskalandi sem Hamborg heitir og er íslenskum sjómönnum að góðu kunn sem lengi hafa komið þar við á íslenskum farskipum og gengið um götur þar og verslað og á eftir kíkt á næturlífið og kneytt ölið, þeir sem það vildu.



Enn í dag (2016) sigla íslenskir farskipamenn til þessarar ágætu borgar með varning og fá um borð vöru til Íslands. Er höfnin í Hamborg mikil umskipunarhöfn.



Lifnaðurinn í þessum parti borgarinnar var lítil fyrirmynd öllu óreyndu fólki. Þreifst þar allskonar líferni og efni margskonar notuð og "brudd eins og brjóstsýkur"- til að koma sjálfum sér í vímu. Allskonar viðgekkst á götum hverfisins þar sem þetta allt saman fór fram á og var vettvangur strákanna frá Liverpool sem kvöddu heimabæ sinn og héldu á vit hins ókomna í von um frekari árangur af

hljómsveitarstússi sínu.

Á götuhornum og inn í ákveðnum húsum, í gluggum þar sem snéru út að götunni, sátu konur á bak við gler og luku glugganum upp kæmi að mögulegur "viðskiptavinur" og hófu við hann spjall. Þar fóru og fram vændiskaup. Allt þetta og meira til er heyrir til götu sem heitir Herbertstrasse og er vel þekkt götunafn og teygir sig út fyrir landamerki Hamborgar. Spilling margskonar viðgekkst þar en er samt umhverfið sem þessir ágætu ungu Bresku menn fengu líklega sinn besta skóla í fram að þessu til framtíðar litið. Af þá vinnuálaginu sem starfið bauð. Fólkinu sem þangað kom var engin vægð sýnd af aðilunum sem réðu það. Var enda sagt að Þjóðverjar hafi ekki verið beint elskir að Englendingum. Höfundur skilst að vændi sé ekki lengur stundað í götu þessari í Hamborg eins og áður var heldur að komin sé fjölbreyttari starfsemi af ýmsum toga. Sem er gott mál.

En þarna voru þessir menn og æfðu spilamennsku, rödd, samhljóm og stíl og fengu til verksins allan tíma sem þurfti með því að standa klukkutímum saman á sviði og þenja hljóðfæri sín jafnvel sjö daga vikunnar og gera marga klukkutíma í senn.

Sagt var að allir tónlistarmenn sem þangað færu kæmu talsvert betri frá borði en var er þeir fyrst stigu um borð í Hamborgarferju þessa.

Og ýmislegt byrjar að gerast. Umboðsmaður nokkur rekur þar inn nafið (Brian Epstein) sem Bítlarnir áttu að spila á og vissu þeir af komu hans og gáfu allt í þetta en maður þessi virtist ekki ætla að mæta og gerðist það ekki fyrr heldur en í lok tónleikanna að hann birtist í salnum og voru þeir þá stignir af sviðinu en drífa sig undireins upp aftur er þeir urðu hans varir og keyrðu prógrammið og gerðu eins og best þeir kunnu og náðu athygli mikilsvirtis umboðsmannsins sem fékk áhuga á og tók tali. Ákveðin bolti byrjar næst að rúlla með samböndunum þeim sem mikilsvirtur umboðsmaðurinn var talin hafa í heimi tónlistarinnar. Sem og reyndist rétt vera.



Úr þessu umhverfi má segja að þeir séu sprotnir og að þaðan hafi þeir komið til umheimsins og að því er virtist sem fullskapaðir listamenn og komnir úr engu. Sem auðvitað er fjarri öllum raunveruleika og sannleikurinn sá að margra ára vinna, kannski þróunarvinna, var að

baki gríðarlegum árangrinum sem síðar kom í ljós og við horfum enn til með á vissan hátt virðingu.

Furðu skjótt urðu þessir ungu Bresku menn þekktir hjá yngri hluta heimsbyggðarinnar sem með tímanum, ekki þó neitt löngum, vildi vita eitt og annað um þetta fólk sem það valdi sjálft og óumbeðið að fylkja sér á bak við. Á glettilega stuttum tíma var heimurinn orðin þeirra og kom á hreinu silfurfati þó hvorki hafi þeir beðið um né ætlast til en fengu samt. Er ekki lífið á köflum mesta ólíkandartól? Því er auðvelt að svara játandi.



Þarna gersamlega skáka þeir öllum stríðsherrunum sem með aðferðum sínum kænsku og skipulagi vildu hertaka heiminn til að stjórna honum sjálfir og gera að eigin geðþótta en mistókst verkið. Þessir ungu menn notuð engin vopn, höfðu engar áætlanir uppi þessu tengt, voru ekki stjórnámamenn og þekktu lítt til aðferða þeirra og ekki meira en almennt gengur og gerist hjá fólki heldur unnu vinnu sína og sömdu meira af góðri tónlist og fluttu fólkinu.

Því er þó ekki að neita að nú eru kominn skilyrði fyrir svo yfirgripsmikla yfirtöku þó ekki sé líklegt að nokkur maður hafi í þann tíð leitt hugann að neinu svoleiðis þó sjá megi að var til staðar með tækjum þeim og tólum sem í notkun voru og með stofnun æ fleiri útvarpstöðva sem einskorða starfsemi sína við flutning dægurlaga. Ofan í allt þetta voru svo hljómplöturnar sem útgáfa á óx hraðbyri og sífellt endurbættra tækja til að toga út úr hljómplötunum góðan tón og fólkinu gert æ aðgengilegra að eignast með meiri framleiðslu og lakkandi verði þessara tækja. Þetta var notað og haft heima í stofu til að fá notið afrakstur hljóðversvinnunnar og hljómplötuútgáfunnar út í æsar.

Og að því kom að allur heimur lægi fyrir fótum þessara fjögurra ungu manna sem með gíturum, trommum og söngrodd tókst verk sem stjórn málin höfðu reynt og í stað sigurs tókst að breyta völlum sem þau fóru um í verstu blóðvelli. Ekkert slíkt gerðist hjá fjórmenningunum. Samt fengu þeir það sem hinir gátu ekki fengið. Merkillegt? Höfundurinn finnst það alltént.

Engin vopn notuð,
engin her sem fór yfir
og hjó niður fólk til
hægri og vinstri,
engar eyddar borgir,

Brezka innrásin og tónskáld 20. aldar

ekker hatur sem lá eins og mara yfir öllu eftir að hildarleikrunn hafði verið stöðvaður sem langan tíma tók fólk að jafna sig á og stór skörð höggvin í margar fjölskyldur. Fyrir utan þær sem með öllu voru tortímdar. Ekkert svoleiðis gerðist bara tónar sem flugu um loftin blá og snertu við fólk og áhuginn hjá vaknaði. Svoltilt öskur hér og hvar samanvið tilfinningahita ungvíðarins sem nærvera þessara manna olli í bland við skilti sem mótmæltu áhrifum

fjórmenninganna á æskuna var það mesta. Allt gerðist þetta fyrir augum allra og málið allt orðið borðleggjandi að hafði gerst.

Getið er um það í byrjun samantektarinnar að engir menn geti leitt og stjórnað öllum heiminum né heldur sé ætlað slíkt vandaverk og hlutverk. Bítlarnir fengu þetta upp í hendurnar. Um það leikur bara engin vafi. Fólkið fúlstaði ekki við þessu heldur vildi ólmt að viðhéldist og Bítlarnir væru áfram í sæti sínu og gegndu stöðu sinni eins og verið hafði árin á undan. Þeirra vegna. Það er fólksins. En atgangurinn í kringum málið allt varð of mikið og löngu séð að ekki yrði við neitt ráðið og því ekki um annað að gera en að skila heiminum og fá honum hann aftur sem öllu ræður eftir að hafa sýnt okkar að engum manni er það fært að hafa svo mikla umsjón á sinni hendi. Enda verkið óvinnandi.

Þegar fór að hvissast að líklegt sé að The Beatles væru að stíga út af sviðinu var George Harrison spurður hvort þetta sé rétt. Skoðum hluta af svari Georgs:

" Það spyrja allir þess sama. Fólkið getur ekki ímyndað sér heiminn án Bítlanna. En það hlýtur að koma að því. Við urðum að finna sjálfa okkur.

Við höfum gengið úr Bítlunum hver á eftir öðrum. Ég hætti vegna skoðanaágreinings við Paul. Ringo gerðist leikari og John snéri sér að rúmlegum með Yoko. Og nú er Paul að gera sína eigin plötu. Það er rétt, að við sjáumst ósköp lítið af Paul núorðið. Hann er til dæmis alveg hættur að sjást í APPLE- byggingunni. " (Morgunblaðið 15 mars 1970.)

Heimurinn er ekki ætlaður einstaklingum heldur þjóðunum og öllu fólki sameiginlega. Þar ríkir og ákveðið skipulag. Hvert land hefur sína eigin ríkisstjórn og henni ber að leggja góðan grunn að góðu mannlífi í sínu landi en gengur misjafnlega.



Bítlarnir í blóma tímabils síns sem menn muna að gekk á grunn árið 1970. Fólkið sem heillaðist af varð sárt og vildi hafa sína Bítla áfram og kyrra þar sem það taldi stað þeirra vera. Öndvert við einræðisseggin sem menn fagna yfir loks er hann hverfur af vettvangi og gríðarleg uppbyggingin blasir við af völdum sjálfs einræðisins. Ekkert er líkt með þessu og því sem gerðist í tilviki The Beatles þó þeim hafi verið réttur heimurinn upp í hendurnar og leitt á sinn hátt í um sjö ár en skiluðu svo

af sér og búnir að fá nóg, þar allavega. Enn sér maður vinkill á Bítlatímabilinu sem vekur áhuga og krefur mann frekari skoðunar. Merkestímar þessir Bítlatímar.